

Ritdómur

Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld
eftir Þórunni Sigurðardóttur, Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum, 2015, 471 bls.

Að missa bæði börn og víf
bera kann til mann grætir,
en afturkoman í eilíft líf
allan skilnað bætir.

Um þessa lausavísu sem sr. Ólafur Egilsson orti um sorg sína, heimkominn úr Alsír án fjölskyldu sinnar, sem hann sá aldrei frammar, segir Þórunn Sigurðardóttir (bls. 7) að vísan innihaldi eitt helsta huggunarbema samtímans handa þeim sem misst höfðu ástvin sinn.

Hvað gerir fræðirit áhugavert? Væntanlega yrði þeirri spurningu svarað á býsna ólíka vegu eftir því hver yrði fyrir svörum. Sjálfum finnst ritrýni þeirrar bókar sem hér er til umsagnar að þar sé mikilvægt að fram komi nýstárleg kenning sem dragi ríkjandi viðhorf í efa eða þvert á móti taki undir viðteknar skoðanir með ferskum rökum og að nýr efni-viður sé dreginn fram í dagsljósið. Ekki spilli fyrir ef nýjum og traustvekjandi aðferðum sé beitt eða breytt hafi verið um sjónarhorn frá eldri rannsóknnum. Þá er það mikilvægt að bókin hafi að geyma fróðleik úr rannsóknasögu viðfangsefnisins, sem lesandi upplifi sem áhugaverðan og upplýsandi. Bætt sé við þekkingu lesandans og síðast en ekki síst að skrifað sé á þann hátt að athygli lesanda sé haldið vel vakandi.

Bókin *Heiður og huggun* eftir Þórunni Sigurðardóttur stenst allar þessar kröfur með ágætum og eftir lestur hennar get ég vel tekið undir það sem staðhæft er á bókarkápu að ritið marki „tímamót í rannsóknnum á íslenskum bókmenntum síðari alda.“

Rannsókn Þórunnar á sér langa sögu og má segja að aðdragandi þessarar bókar sé meira en 20 ár. Í grunninn er þetta lítillaga umrituð og endurbætt doktorsritgerð hennar. Áður hafði hún lokið BA-prófi í íslensku og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands sem og MA-prófi í íslenskum bókmenntum.

Þórunn starfaði í nokkur ár við The Fiske Icelandic Collection í Cornell-háskóla og hefur síðan gegnt margvíslegum rannsóknastörfum hér á landi, svo sem við Rannsóknastofu í kvennafræðum, Stofnun Sigurðar Nordals og ReykjavíkurAkademíuna. Rannsóknasvið hennar hefur verið bókmenntir síðari alda, rafræn handritaskráning og handritarannsóknir. Öll þessi reynsla gerir hana vel í stakk búna til að vinna það mikla verk sem nú hefur séð dagsins ljós og hefur hlotið mjög lofsamlega dóma og m.a. Fjöruverðlaunin svonefndu.

Í bók sinni notar Þórunn kenningar um bókmenntagreinir til að endurskilgreina 17. aldar erfiljóð og hún sýnir fram á að sum kvæði sem ort voru í minningu látinna heyra til annarra tegunda kvæða en erfiljóðanna einna. Hér er best að gefa Þórunni orðið:

Í harmljóðinu um Steinunni dóttur sína er Hallgrímur Pétursson ekki að yrkja hefðbundið erfiljóð til að heiðra minningu látins manns eða sýna ástvinum hans virðingu. Hann er þvert á móti að yrkja harmljóð sem hefur þann tilgang að lækna syrgjanda (ljóðmælanda/skáldið) af sorginni sem hann hefur orðið fyrir við lát ástvinar síns (bls. 95).

Þetta má segja að sé kjarni máls í hinu veglega riti Þórunnar Sigurðardóttur *Heiður og huggun*. Þar fjallar hún um þá tegund tækifæriskvæða frá 17. öld, sem nefnd hafa verið erfiljóð og flokkuð sem slík. Þórunn sýnir vel og rækilega fram á að þessi tegund ljóða, sem lítið hefur verið rannsökuð til þessa, heyrir í raun til þriggja ólíkra flokka ljóða, þó um margt séu flokkarnir skyldir, þ.e. erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði.

Þessi merka niðurstaða Þórunnar og mikilvæga er fengin með umfangsmilli handrita-rannsókn og þar liggur ekki síst styrkur þessarar bókar. Hún hefur með þeirri rannsókn dregið fram í dagsljósið fjölda ljóða sem sýna að hið persónulega og harmþrungna ljóð sem Hallgrímur orti til að tjá sorg sína vegna andláts Steinunnar litlu dóttur sinnar var ekki einsdæmi meðal erfiljóða heldur heyrði einfaldlega til öðrum flokki ljóða. Þau ljóð kys Þórunn að kalla harmljóð. Varpar hún með þessari greiningu nýju ljósi á þetta kunna ljóð Hallgríms sem svo margir Íslendingar hafa tárast yfir og sótt styrk í andspænis eigin sorg.

Markmið Þórunnar með bókinni er að taka fyrir vanræktan þátt í íslenskri bókmennta-sögu, þ.e. erfiljóðin. Það hefur gildi ekki bara vegna vanrækslu ljóðanna sem slíkra heldur veita þau innsýn í heim sem að mestu hefur verið hulinn Íslendingum síðari tíma.

Eftirfarandi spurningar hefur Þórunn að leiðarljósi í rannsókn sinni (bls. 28):

Hvers konar kvæði voru ort eftir nýlátið fólk á 17. öld?

Hvað mótar þessi kvæði?

Af hverju voru þau ort? Af hverjum, um hverja og handa hverjum?

Hvað geta kvæðin sagt nútímanum um samfélag og menningu aldarinnar?

Rannsókn Þórunnar leiðir til þess að hún skoðar samhengi milli bókmenntagreina og samfélags og gefur það bókinni þýðingarmikla vídd. Hér býr að baki sú hugsun svokallaðrar nýsöguhyggju „að menning byggist á helgisiðum (ritúölum), reynslu og venjum daglegs lífs miðað við ríkjandi viðmið, fremur en óhlutstæðu gildismati, vitsmunalegum hugmyndum og skapandi hugsun“ (bls. 33).

Þessi tilvísun var meðal þess sem skapaði hjá mér hugrenningatengsl við rannsóknir og niðurstöður í sálmafræðum Gamla testamentisins. Þar var það ríkjandi stefna drjúgan hluta 20. aldar að skipta sálum niður í flokka eða tegundir út frá þremur mælistikum, þ.e. formi þeirra, innihaldi og notkun í trúarsamfélagi eða helgihaldi hinna fornu Hebra. Sú greining leiddi til þeirrar niðurstöðu að stærsti flokkurinn væru harmsálmur eða harmljóð sem skipt var niður í harmsálma einstaklings eða þjóðar. Dæmi um mjög persónulegan harmsálm einstaklings er að finna í 42.–43. sálmi Saltarans („Eins og hindin þráir vatns-lindir...“), sem fræðimenn eru sammála um að sé upphaflega einn sálmur þrátt fyrir númerin tvö. Ekki er vafi á að rannsóknir á sálum Biblíunnar geti með margvíslegum hætti haft gagn af þessu verki Þórunnar Sigurðardóttur og það á ekki síst um þá fræðigrein sem nefnd hefur verið áhrifasaga Biblíunnar.

Mikill fengur er að 11. kafla bókararinnar um tilurð kvæðanna, dreifingu og varðveislu (bls. 309-336). Þar kemur fram að erfiljóð sem varðveist hafa frá 17. öld eru 115 talsins, harmljóðin eru 40 en huggunarkvæðin fimm. Þar segir og að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem ortu erfiljóð voru prestar og prófastar, eða 33 skáld. Skyldurækni og þjónustulund séu trúlega helstu hvatar skálda til að yrkja tækifæriskvæði öðrum til heiðurs eða huggunar. Óhætt er að taka undir með Þórunni er hún segir (bls. 336) að mikilvægt sé að gera þessi

kvæði aðgengileg í heilu lagi, jafnt fyrir sagnfræði og fyrir íslenska bókmennta- og menningarsögu og þar vildi ég leyfa mér að bæta guðfræði við.

Að lokum skal það ítrekað að hér er um að ræða afar vandað og fræðilega traust rit sem hefur hlotið lofsamlega dóma og verðskuldaðar viðurkenningar. Þau 17 kvæði sem birt eru í bókinni hafa hingað til aðeins verið varðveitt í handritum og sjást nú flest í fyrsta sinn á prenti, en þar á meðal eru tvö kvæði eftir íslenskar konur. Meginkenning bókarinnar um að erfiljóðum 17. aldar beri að skipta niður í tvo flokka auk erfiljóðanna sjálfra, þ.e. harmljóð og huggunarljóð, er studd góðum rökum og byggist á handritum sem höfðu ekki áður verið rannsökuð. Þá veita kvæðin í bókinni nútímanninum ýmsar forvitnilegar upplýsingar um íslenskt samfélag á 17. öld, sem og ákveðna einstaklinga er þá voru uppi, aðstæður þeirra og viðhorf. Bókin er einkar læsileg og frágangur allur til fyrirmyndar. Heiti hennar *Heiður og huggun* gefur þar strax tóninn, sem og bókarkápan, látlaus en smekkleg. Réttilega hefur verið sagt að kvæðin sem birt eru í bókinni séu náma fyrir þá fræðimenn sem fást við rannsóknir á tilfinningum í bókmenntum. Þar er líka sitthvað fleira að finna sem ætti að nýtast guðfræðingum, þ.m.t. biblíufræðingum, í rannsóknum þeirra.